



MÁLVÍSIR

ISBN 978-9979-0-2160-5

© 2014 Jóhannes B. Sigtryggsson og Inga Rósa Þórðardóttir

© 2014 teikningar: Böðvar Leós

Ljósmynd bls. 7: Námsgagnastofnun

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Faglestur: Höskuldur Þráinsson

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2014

Menntamálastofnun Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Rotis Semi Sans, Light, 12pt.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

MÁLVÍSIR

Handbók um málfræði handa grunnskólum

Jóhannes B. Sigtryggsson
Inga Rósa Þórðardóttir

Efnisyfirlit

Um bókina	3	6. Málfræði styður stafsetningu	30
1. Málhljóð og stafir	4	7. Ábendingar um beygingu	34
Stafir og stafróf	4	8. Setningafræði	36
Orð og orðflokkar	5	Aðalsetningar og aukasetningar	36
2. Fallorð	6	9. Orðmyndun og hljóðbreytingar	40
Nafnorð	6	Orðhlutar	40
Lýsingarorð	10	Orðmyndun	42
Greinir	12	Opnir og lokaðir orðflokkar	43
Töluorð	13	Mállýskueinkenni	44
Fornöfn	14	Hljóðbreytingar	46
3. Sagnir	16	10. Orðaforðinn	48
Tíð	16	11. Orð og merking	50
Persóna	17	12. Málnotkun og ritun	52
Tala	18	Gott að hafa í huga í ritun	53
Háttur	19	Ábendingar um málnotkun	54
Mynd	20	13. Skammstafanir	57
Beyging sagna	21	14. Hjálpargögn	60
Kennimyndir sagna	22	Leiðbeiningarefni	60
4. Óbeygjanleg orð	24	Orðabækur og gagnasöfn	61
Atviksorð	24	15. Heimildir	62
Forsetningar	26	16. Hugtök	63
Samtengingar	27		
Nafnháttarmerki	27		
Upphrópun	27		
5. Orðflokkagreining	28		

Um bókina

Þetta rit er handbók í málfræði fyrir efri bekki grunnskólans sem hægt er að nota með kennslubókum í íslensku. Ítarlega er fjallað um orðflokka og greiningu þeirra en einnig um málnotkun, orðaforða, orðmyndun, setningafræði og fleira því tengt. Í lok bókar eru ábendingar um gagnlegar bækur og vefsíður um íslenskt mál.

Við samningu bókarinnar leituðum við mest í ritin *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga II*, (höf. Guðrún Kvaran) og *Handbók um málfræði* (höf. Höskuldur Þráinsson). Höskuldi Þráinssyni eru færðar þakkir fyrir gagnlegar ábendingar.

1. Málhljóð og stafir

Þau hljóð, sem mannamál er gert úr, kallast **málhljóð**. Þau raða sér saman í **atkvæði**. Málhljóð skiptast í **sérhljóð** og **samhljóð**. Í samhljóðum er þrengt að loftstraumi út um talfæri eða lokað fyrir hann augnablik en nær ekkert í sérhljóðum. Sérhljóð geta ein sér myndað atkvæði eða orð (til dæmis *í*) en samhljóð geta það hins vegar ekki. Sérhljóð segja nafn sitt sjálf en ekki samhljóð.

Stafir og stafróf

Stafir íslenska stafrófsins eru 32 (en 36 ef *c*, *q*, *w* og *z* eru taldir með):

a A - á Á - b B - (c C) - d D - ð Ð
 e E - é É - f F - g G - h H - i I - í Í
 j J - k K - l L - m M - n N - o O
 ó Ó - p P - (q Q) - r R - s S - t T
 u U - ú Ú - v V - (w W) - x X - y Y
 ý Ý - (z Z) - þ Þ - æ Æ - ö Ö

Íslensk stafrófsvísa

A Á B D, Ð E É
 F G H I, Í J K.
 L M N O, Ó og P
 eiga þar að standa hjá.

R S T U, Ú V næst
 X Y Ý, svo Þ Æ Ö.
 Íslenskt stafróf er hér læst
 í erindi þessi skráttin tvö.

(Þórarinn Eldjárn)

Stafir, sem tákna *sérhljóð*, kallast **sérhljóðar** (til dæmis *ö*) og þeir sem tákna *samhljóð* **samhljóðar** (til dæmis *þ*).

Orð og orðflokkar

Orð eru einingar sem settar eru saman úr máhljóðum (bókstöfum) og hafa ákveðna merkingu. Þau skiptast í **orðflokka** eftir merkingu, formi og stöðu eða hlutverki í setningu.

Setningarleg einkenni: Með hvaða orðum getur orðið staðið í setningu?

Formleg einkenni: Hvort og hvernig beygist orðið?

Merkingarleg einkenni: Hvers konar merkingu hefur orðið?

Orðflokkar skiptast í þrjá yfirflokka: **fallorð**, **sagnorð** og **óbeygjanleg orð**. Fallorð fallbeygjast, sagnorð tíðbeygjast en óbeygjanleg orð beygjast hvorki í kyni, tölu, falli né tíð.

Í íslensku eru 11 mismunandi orðflokkar:

fallorð

nafnorð

lýsingarorð

greinir

töluorð

fornöfn

sagnorð

sagnorð

óbeygjanleg orð

atviksorð

forsetningar

nafnháttarmerki

samtengingar

upphrópanir

2. Fallorð

Fallorð nefnast þau orð sem beygjast í **föllum**. Til fallorða teljast **nafnorð**, **lýsingarorð**, **fornöfn**, **töluorð** og **greinir**.

Föll í íslensku eru fjögur: **nefnifall** (nf.), **þolfall** (þf.), **þágufall** (þgf.) og **eignarfall** (ef.). Nefnifall er kallað **aðalfall** en þolfall, þágufall og eignarfall nefnast **aukaföll**. Aukaföllum ráða fallvaldar sem eru oftast áhrifssagnir og forsetningar. Dæmi: *Tómas keypti hestinn* (þf.). *Hún hætti í skólanum* (þgf.).

Nafnorð (no.)

Setningarleg einkenni: Nafnorð geta haft margvíslega stöðu í setningu en eru oftast í sæti frumlags eða andlags. Hægt er að bæta viðskeyttum greini við flest nafnorð til að tákna ákveðni. Nafnorð geta einnig tekið með sér ákvæðisorð (lýsingarorð, fornöfn eða töluorð) sem sambeygjast með þeim.

Formleg einkenni: Kyn, tala, fall, beyging, viðskeyttur greinir.

Merkingarleg einkenni: Nafnorð eru heiti á einhverju.



Stærsti flokkur fallorða er **nafnorð** (no.). Þau eru heiti eða nöfn á einhverju, til dæmis lifandi veru (*Emilía, forstjóri*), dýri (*hraf, kisa*), fyrirtæki (*Íslenskar orkurannsóknir, Hagstofan*), hlut (*bill, hjól*), efni (*járn, hveiti*), verknaði (*smíðar, bakstur*) og svo framvegis.

Nafnorð geta haft margvíslega stöðu í setningu en eru oftast í sæti frumlags eða andlags. Dæmi: *Sigmar* (frumlag) keypti *hest* (andlag). Um *frumlag* og *andlag* sjá bls. 39

Það einkenni nafnorða, sem greinir þau frá öðrum orðflokkum, er að þau geta flest tekið **viðskeyttan greini** (hestur-*inn*, geit-*in*, fjall-*ið*) til að tákna ákveðni.



Nafnorð geta einnig tekið með sér ákvæðisorð sem beygjast með þeim (*góður maður/góð kona/gott barn*) og kallast það **sambeyging**. Oft eru þetta lýsingarorð (*vænn piltur*), fornöfn (*þetta próf*) eða töluorð (*þrjár flugvélar*).

Nafnorð, sem eru sérheiti tiltekins einstaklings, staðar, fyrirtækis og svo framvegis, kallast **sérnöfn**, til dæmis *Hafnargata, Aron, Snati, Kína, Veðurstofa Íslands*. Sérnöfn bæta sjaldan við sig greini en þó kemur það fyrir. Dæmi: *á Snæfellinu*.



Nafnorð, sem eru sameiginleg heiti fyrir heilan hóp eða tegund, eru hins vegar kölluð **samnöfn**, til dæmis *biskup, grunnskóli, stjarna, vítamín, krummi, kría, hestur*.

Stundum getur verið erfitt að átta sig á því hvort nafnorð er sérnafn eða samnafn. Skipting í sérnöfn og samnöfn er grundvallaratriði við ritun stórs og lítils stafs. Sérnafn er *heiti* á einhverju en samnafn lýsir því hvað nafnorðið er. Þessi hundur heitir Snati [Snati = sérnafn]. Snati er hundur [*hundur* = samnafn].

Hvert nafnorð hefur ákveðið **kyn**: **karlkyn** (*stóll*), **kvenkyn** (*bók*) eða **hvorugkyn** (*auga*).

Flest nafnorð eru bæði til í **eintölu** (et.) og **fleirtölu** (ft.) og tölubeygjast. Ef átt er við einn eða eitt af einhverju er orð í eintölu en í fleirtölu ef orðið vísar til tveggja eða fleiri. Dæmi: *ein bók* (eintala), *margar bækur* (fleirtala).

Sum orð eru eingöngu notuð í eintölu (**eintöluorð**). Oft eru þetta svokölluð safnheiti (*fé, fólk, fjöldi, magn*) eða efnisheiti (*gull, mjólk, ryk, silfur, sykur*). Þetta geta líka verið orð sem tákna eitthvað óhlutstætt, óteljanlegt (*athygli, elli, fyndni, viðbjóður*).

Sum orð eru eingöngu notuð í fleirtölu (**fleirtöluorð**), til dæmis *buxur, dyr, feðgin, skæri, jól, páskar*.

Kenniföll nafnorða eru þrjú: nefnifall eintölu (nf. et.), eignarfall eintölu (ef. et.) og nefnifall fleirtölu (nf. ft.). Kenniföll orðsins *hestur* eru: *hestur, hests, hestar*. Út frá kenniföllum og kyni er hægt að átta sig á því hvernig orð beygist. Í orðabókum eru kenniföll yfirleitt sýnd.

Kenniföll nokkurra orða og upplýsingar um kyn í Íslenskri orðabók

lesist


atlas <i>atlass, -ar</i> KK	nf. et. <i>atlas</i> , ef. et. <i>atlass</i> , nf. ft. <i>atlasar</i> , karlkynsorð
brú <i>brúar, brýr</i> KVK	nf. et. <i>brú</i> , ef. et. <i>brúar</i> , nf. ft. <i>brýr</i> , kvenkynsorð
hró <i>-s, -</i> HK	nf. et. <i>hró</i> , ef. et. <i>hrós</i> , nf. ft. <i>hró</i> , hvorugkynsorð
kvabb <i>-s</i> HK	nf. et. <i>kvabb</i> , ef. et. <i>kvabbs</i> , hvorugkynsorð.
	Eingöngu notað í eintölu
mistur <i>misturs</i> HK	nf. et. <i>mistur</i> , ef. et. <i>misturs</i> , nf. ft., hvorugkynsorð.
	Eingöngu notað í eintölu
pítsa, pítsa (pizza) <i>-u, -ur</i> KVK	nf. et. <i>pítsa</i> , ef. et. <i>pítsu</i> , nf. ft. <i>pítsur</i> , kvenkynsorð
trommuleikari <i>-a, -ar</i> KK	nf. et. <i>trommuleikari</i> , ef. et. <i>trommuleikara</i> , nf. ft. <i>trommuleikarar</i> , karlkynsorð
hundur <i>-s, -ar</i> KK	nf. et. <i>hundur</i> , ef. et. <i>hunds</i> , nf. ft. <i>hundar</i> , karlkynsorð
fundur <i>-ar, -ir</i> KK	nf. et. <i>fundur</i> , ef. et. <i>fundar</i> , nf. ft. <i>fundir</i> , karlkynsorð

Sterk og veik beyging

Ef nafnorð eða lýsingarorð endar á samhljóði í eignarfalli eintölu (til *hests*, til *góðrar* konu) og fyrsta persóna eintölu þátíðar í framsöguhætti af sögn er eitt atkvæði (*hló*) þá er beygingin kölluð sterk. Ef nafnorð eða lýsingarorð endar á sérhljóði í eignarfalli eintölu (til *fána*, *góði* haninn) og þátíð af sagnorði hefur sérstakt beygingarviðskeyti (-ð/-d/-t-)(*talaði*) þá er beygingin kölluð veik.

Nafnorð hafa **sterka beygingu** ef þau enda á samhljóði í eignarfalli eintölu (til dæmis *fugls*, *hurðar*).

Nafnorð hafa **veika beygingu** ef þau enda á sérhljóði í eignarfalli eintölu (til dæmis *höfðingja*, *fiðlu*).



Lýsingarorð (lo.)

Setningarleg einkenni: Lýsingarorð eru annaðhvort hliðstæð eða sérstæð. Þau geta einnig tekið með sér atviksorð sem ákvæðisorð.

Formleg einkenni: kyn, tala, fall, beyging, stigbreyting.

Merkingarleg einkenni: Lýsingarorð greina frá hvað einkennir lifandi verur, hluti eða hugtök.

Annar flokkur fallorða er **lýsingarorð** (lo.). Þau greina frá *einkennum* lifandi vera, hluta eða hugtaka.

Lýsingarorð geta verið **hliðstæð** og staðið með nafnorðum (glöð kona) eða tekið með sér atviksorð sem ákvæðisorð (*mjög glöð kona*). Þau segja nánar til um orðið sem þau standa með. Lýsingarorð geta einnig verið **sérstæð** og standa þá ekki með nafnorði heldur eru sagnfylling (*Anna er hamingjusöm. Mér er kalt*), frumlag (*fáir voru á fundinum*), andlag (*ég hitti fáa*) eða stýrast af forsetningu (*ég talaði við fáa*).

Lýsingarorð, sem standa með nafnorðum sem **ákvæðisorð**, laga sig að þeim í kyni, tölu og falli. Dæmi: *góð kisa/góðar kisar, mörg börn/margir krakkar, gulur bíll/gulir bílar*.

Lýsingarorð beygjast einnig í kynjum ólíkt nafnorðum, sem hafa alltaf sama kyn, til dæmis *fyndinn* (maður), *fyndin* (kona), *fyndið* (barn).

**Ákvæðisorð
standa með
öðrum orðum
og segja nánar
til um einkenni
þeirra.**

Eitt helsta einkenni lýsingarorða er stigbreyting (*rauður – rauðari – rauðastur*). Stigin þrjú heita **frumstig** (fst.), **miðstig** (mst.) og **efsta stig** (est.). Þau tákna mismunandi stig þess sem lýst er. Dæmi:

frumstig	miðstig	efsta stig
glaður	glaðari	glaðastur
löng	lengri	lengst
fallegt	fallegra	fallegast

Nokkur lýsingarorð mynda miðstig og efsta stig með öðrum stofni en frumstigið. Þetta kallast **óregluleg stigbreyting**. Dæmi:

frumstig	miðstig	efsta stig
gamall	eldri	elstur
góð	betri	best
lítið	minna	minnst

Lýsingarorð geta bæði beygst sterkt og veikt. Veika beygingin kemur fram þegar lýsingarorð stendur með nafnorði sem hefur ákveðinn greini (*glaði maðurinn, hinn glaði maður*) eða þegar það stendur með ábendingarfornafni (*þessi glaði maður*).

Nokkur lýsingarorð eru **óbeygjanleg** og stigbreytast heldur ekki með viðskeyti (*andvana, hugsí*). Með sumum þeirra er þó hægt að nota *meira, mest* til að tákna stigbreytingu (*meira hugsí, mest hugsí*).

Greinir (gr.)

Setningarleg einkenni: Greinirinn er oftast hliðstæður með lýsingarorði sem fer á undan nafnorði (*hinn góði maður*) og kallast þá *laus greinir* eða er skeytt aftan við nafnorð (*maður-inn*) og kallast þá *viðskeyttur greinir*.

Formleg einkenni: kyn, tala, fall.

Merkingarleg einkenni: Gerir nafnorð ákveðin.

Greinirinn hefur það hlutverk að gera nafnorðið ákveðið, auðkenna tiltekinn einstakling, dýr eða atvik eða eitthvað sem hefur verið nefnt áður. Greinirinn er oftast **viðskeyttur** (*maðurinn*) en getur einnig verið **laus** og stendur þá á undan lýsingarorði (*hið bjarta ljós*). Slík notkun er oft hátíðleg. Flest nafnorð geta tekið með sér greini en þó yfirleitt ekki sérnöfn.

Laus greinir: *hinn* (kk.), *hin* (kvk.), *hið* (hk.)

Viðskeyttur greinir: *-inn* (kk.), *-in* (kvk.), *-ið* (hk.)



et.	kk.	kvk.	hk.
nf.	hinn	hin	hið
þf.	hinn	hina	hið
þgf.	hinum	hinni	hinu
ef.	hins	hinnar	hins
ft.	kk.	kvk.	hk.
nf.	hinir	hinar	hin
þf.	hina	hinar	hin
þgf.	hinum	hinum	hinum
ef.	hinna	hinna	hinna

Töluorð (to.)

Setningarleg einkenni: Töluorð geta staðið hliðstætt með nafnorði, með fornafni og nafnorði (þessir tveir hestar) eða fornafni, lýsingarorði og nafnorði (þessir tveir stóru hestar).

Þau geta einnig staðið sérstætt (Kauptu tvær).

Formleg einkenni: kyn og fall (fyrstu fjórar frumtölurnar: einn, tveir, þrír, fjórir), tala (aðeins raðtölur).

Merkingarleg einkenni: Töluorð tákna tölur (frumtölur) eða röð af einhverju (raðtölur).

Töluorð geta staðið hliðstætt með nafnorði og oftast á undan því (tveir hestar) eða staðið með fornafni og nafnorði (þessir tveir hestar) eða fornafni, lýsingarorði og nafnorði (þessir tveir stóru hestar). Töluorð geta einnig staðið sérstætt. Dæmi: *Kauptu tvær.*

Töluorðum er skipt í tvo flokka: **frumtölur** og **raðtölur**. Frumtölur (eða hrein töluorð) tákna tölur, eitthvað teljanlegt (*einn, sjö, fjórtán*). Raðtölur tákna röð af einhverju (*fyrsti, sjöundi, fjórtándi*).

Fyrstu fjórar frumtölurnar (*einn, tveir, þrír, fjórir*) beygjast eftir kyni og falli. Dæmi: *Tveir bílar. Ég sá tvo bíla. Ég ætla að fá tvær ískúlur. Þarna eru tvö börn.* Aðrar frumtölur eru óbeygjanlegar. Dæmi: *Fimm bílar. Ég sá fimm bíla.*

Einu töluorðin sem beygjast eftir tölu eru raðtölur (*fyrsti billinn, fyrstu bílarnir*).

Til töluorða teljast einnig fleirfaldstölur: *einir, tvennir, þrennir, fernir*. Þær eru notaðar til að telja ýmislegt sem ekki er hægt að telja með *einn, tveir, þrír, fjórir*. Dæmi: *Ég á einar buxur.*

Ýmis orð úr öðrum orðflokkum hafa einnig tölulega merkingu, til dæmis *tugur, tylft* (nafnorð), *þritugur, níraður* (lýsingarorð) eða *tvisvar, þrisvar, tvívegis, þrívegis* (atviksorð)

1
4 2
áttu

3

sex

1

4

2

Fornöfn (fn.)

Setningarleg einkenni: Sum fornöfn geta ýmist staðið hliðstætt með nafnorði eða sérstætt ein sér.

Formleg einkenni: kyn, tala, fall.

Merkingarleg einkenni: Undirflokkar fornafna hafa ólík merkingarleg einkenni. Til dæmis vísa persónufornöfn oft til einhvers sem nefnt hefur verið áður og eignarfornöfn tákna yfirleitt eign.

Nafnið *fornöfn* vísar til þess að þau koma oft í staðinn fyrir nöfn, nafnorð eða nafnliði.

Sum fornöfn geta ýmist staðið hliðstætt með nafnorði eða sérstætt ein sér. Dæmi: *Enginn* (hliðstætt) maður er eins ríkur og ég. *Enginn* (sérstætt) bjó í húsinu.

Flest fornöfn beygjast eftir kynjum, tölu og falli eins og lýsingarorð en stigbreytast ekki.

Fornöfn koma oft í staðinn fyrir nafnorð, til að mynda þegar vísað er aftur til þess. Dæmi: *Presturinn hringdi áðan. Hann* (þfn.) *ætlar að koma á morgun.*


Undirflokkar fornafna hafa ólík merkingarleg einkenni. Persónufornöfn vísa til dæmis oftast til þess sem áður hefur verið nefnt (*Hver á hestinn? Ég á hann*), eignarfornöfn tákna eign einhvers eða umráð yfir einhverju (*Hesturinn minn, hann tók hestinn sinn*), ábendingarfornöfn benda á einhvern eða eitthvað (*Þessi hestur*) og spurnarfornöfn vísa til þess sem spurt er um (*Hver er þetta?*).

Fornöfnum er skipt í nokkra flokka:

- **persónufornöfn** (pfn.): *ég, þú, hann, hún, það* (í fleirtölu: *við, þið, þeir, þær, þau*), *vér, þér* (hátíðleg fleirtala)
- **eignarfornöfn** (efn.): *minn, þinn, sinn, vor*
- **afturbeygð fornöfn** (afn.): *sig* (þf.), *sinn* (afturbeygt eignarfornafn)
- **ábendingarfornöfn** (áfn.): *sá, þessi, hinn*
- **spurnarfornöfn** (sfn.): *hver, hvor, hvaða, hvílikur*
- **óákveðin fornöfn** (ófn.): *allur, annar, annar tveggja, báðir, einhver, einn, enginn, fáeinir, hver, hvor, hvor tveggja (hvortveggi), hvorugur, (maður), neinn, nokkur, sérhver, sumur, ýmis, (þú)*. Um fornöfnin *maður* og *þú* sjá bls. 55

Jæja, þá eru það óákveðnu fornöfnin:

Annar, fáeinir, enginn, neinn, ýmis, báðir, sérhver, hvorugur, sumur, hver og einn, hvor og nokkur, einhver.



3. Sagnir (so.)

Setningarleg einkenni: Áhrifssagnir stjórna falli á fallorði en áhrifslausar sagnir ekki.

Formleg einkenni: tíð, persóna, tala, háttur, mynd, beyging.

Merkingarleg einkenni: Sagnorð lýsa því sem gerist/gerðist eða ástandi, því sem er eða var.

Sumar sagnir taka með sér fallorð og stjórna falli á því. Þær kallast **áhrifs-sagnir**. Sumar sagnir hafa ekki áhrif á fallorð sem á eftir koma og kallast þá **áhrifslausar sagnir**. Dæmi: *Andrea er glöð* (nf.).

Tíð

Tíðir sagna eru tvær, **nú tíð** og **þá tíð**. Dæmi: Ég *sigli*. Theódóra *situr* (nú tíð). Ég *sigldi*. Theódóra *sat* (þá tíð). Nú tíð er notuð um það sem gerist í nútímanum eða gerist alltaf (Ég *sit* á stólnum. Daniel *er* hógvær maður). Nú tíð felur einnig oft í sér framtíðarmerkingu (Ég *fer* á morgun). Þá tíð er notuð um liðinn atburð.

Beygingareinkennið *tíð* nægir til að greina sagnorð frá fallorðum annars vegar og óbeygjanlegum orðum hins vegar.

Aðal- og hjálparsagnir

Helstu hjálparsagnir eru *hafa*, *munu* og *vera* (*verða*). Í samsettri beygingu beygjast þær í persónu, tölu og tíð og aðalsögn er í nafnhætti eða lýsingarhætti. Aðalsagnir geta staðið einar í setningu en hjálparsagnir standa hins vegar alltaf með aðalsögn og bera ekki sjálfstæða merkingu.

Dæmi:

Ég las (aðalsögn) *bókina*.

Ég hef (hjálparsögn) *lesið* (aðalsögn) *bókina*.

Bókin var (hjálparsögn) *lesin* (aðalsögn). (þolmynd)

Persóna

Sagnorð beygjast einnig eftir persónu sem fer eftir frumlagi. Sagnir í persónu-
háttum standa ýmist í fyrstu (1.), annarri (2.) eða þriðju (3.) persónu.

Dæmi: ég sé (1. p.)/þú sérð (2. p.)/hann (hún, það) sér (3. p.); við *borðum* (1. p.)/
þið *borðið* (2. p.)/þeir, þær, þau *borða* (3. p.).

Eintala

	1. persóna	2. persóna	3. persóna
nt.	ég <i>sef</i>	þú <i>sefur</i>	hann <i>sefur</i>
þt.	ég <i>svaf</i>	þú <i>svafst</i>	hann <i>svaf</i>

Fleirtala

	1. persóna	2. persóna	3. persóna
	við <i>sofum</i>	þið <i>sofið</i>	þeir <i>sofa</i>
	við <i>sváfum</i>	þið <i>sváfuð</i>	þeir <i>sváfu</i>

Ópersónulegar sagnir laga sig ekki að frumlaginu í persónu og tölu heldur standur sögnin alltaf í þriðju persónu eintölu. Þetta er nokkuð algengt í íslensku.


Dæmi: Mig *langar* í ís.

Þig *langaði* í ís. Honum *fannst* gaman.

Þeim *finnst* gaman. Hana *verkjar*. Þær *verkjaði*. Það *rignir*. Nú *birtir*.

Með ópersónulegum sögnum standur oft frumlag í aukafalli (aukafallsfrumlag):

Mig langar í þetta. *Mér blöskrar* frekjan í þér. *Þess* þarf líklega ekki.



Eintala, nútíð

	1. persóna	2. persóna	3. persóna
	mig <i>vantar</i>	þig <i>vantar</i>	hann <i>vantar</i>
	mér <i>finnst</i>	þér <i>finnst</i>	honum <i>finnst</i>

Fleirtala, nútíð

	1. persóna	2. persóna	3. persóna
	okkur <i>vantar</i>	ykkur <i>vantar</i>	þá <i>vantar</i>
	okkur <i>finnst</i>	ykkur <i>finnst</i>	þeim <i>finnst</i>

Sumar sagnir geta bæði verið persónulegar og ópersónulegar:

Smalinn *rekur* féð. Smalarnir *reka* féð (persónuleg sögn).

Skipið *rekur* að landi. Skipin *reka* að landi (ópersónuleg sögn).

Págufallshneigð

Algengt er að fólk noti frumlag í págufalli með sumum ópersónulegum sögnum þar sem frumlagið var upprunalega í þolfalli. Þetta hefur verið nefnt **págufallshneigð** og þykir ekki við hæfi í vönduðu máli.

Ólaf (þf.) langar í bílinn. (Ekki: *Ólafi* ...)

Mig (þf.) vantar fjarstýringuna. (Ekki: *Mér* ...)

Stelpuna (þf.) kitlaði. (Ekki: *Stelpunni* ...)

Nefnifallshneigð

Það er einnig nokkuð algengt að setja nefnifallsfrumlag með ópersónulegum sögnum í stað frumlags í þolfalli eða págufalli. Þetta hefur verið nefnt **nefnifallshneigð** og ber að forðast. Dæmi:

Vindinn (þf.) lægði um kvöldið. (Ekki: *Vindurinn* ...)

Skipinu (þgf.) hvolfdi óvænt. (Ekki: *Skipið* ...)

Leiknum (þgf.) lyktaði með jafntefli. (Ekki: *Leikurinn* ...)

Ég?
Mig?

Tala

Sagnir standa ýmist í **eintölu** eða **fleirtölu**.

Dæmi: Ég *fer* (eintala). Við *förum* (fleirtala).

Tala sagnar ræðst af málfræðilegri tölu frumlagsins en ekki merkingarlegri.

Dæmi: *Eitt þúsund manns hefur flúið að heiman. Buxurnar eru nýjar.* Orðið *þúsund* er hér í eintölu þótt það vísi til mikils fjölda og *buxur* í fleirtölu þótt þær vísi til eins hlutar.

Frumlag verður að vera í nefnifalli til að hafa áhrif á tölu sagnar. Ef frumlag er í aukafalli þá er sögnin yfirleitt í þriðju persónu eintölu. Dæmi: Ásu *langar* (et.) í bíó. Bræðurna *langar* (et.) einnig að fara.

Háttur

Háttur er sérstök tegund beygingar bundin við sagnir. Hættir sagna skiptast í **persónuhætti** (framsöguháttur, viðtengingarháttur og boðháttur) og **fallhætti** (lýsingarháttur nútíðar, lýsingarháttur þátíðar og nafnháttur). Persónuhættir koma fram í mismunandi myndum eftir því hver persóna frumlagsins er (ég *seldi*, þeir *seldu*) en persónan hefur hins vegar engin áhrif á fallhættina (hún er alltaf *raulandi* lagið, þeir eru alltaf *raulandi* lagið).

Persónuhættir

framsöguháttur

viðtengingarháttur

boðháttur

Fallhættir

nafnháttur

lýsingarháttur nútíðar

lýsingarháttur þátíðar

Persónuhættir

Framsöguháttur er háttur fullyrðinga og einnig oft beinna spurninga (Davið *seldi* bílinn. *Lastu* bókina?).

Viðtengingarháttur lætur í ljós skilyrði, óvissu, ósk eða möguleika (*Gætirðu* lánað mér íbúðina?). Hann er oftast notaður í aukasetningum (Hann sagði að þú *færir*). Um notkun hans sjá kafla um málnotkun bls. 56.

Boðháttur lætur í ljós boð eða skipun. Hann er eingöngu til í 2. persónu, nútíð, eintölu (*Farðu* burt! *Hlustaðu* á mig!). Í fleirtölu er 2. persóna fleirtölu í framsöguhætti notuð til að gefa skipun eða hvatningu (*Farið* burt! *Hlustið* á mig!).

Fallhættir

Nafnháttur er orðabókarmynd sagnarinnar. Oftast fer á undan honum nafn-háttarmerkið *að* (Það er gaman að *sofa*. Að *taka* til í herberginu er leiðinlegt).

Lýsingarháttur nútíðar endar á *-andi*. Hann táknar með sögninni *vera* að verknaður stendur yfir (Ég er *sofandi*) og er óbeygjanlegur í nútímamáli (Ég hitti *sofandi* mann).

Lýsingarháttur þátíðar er notaður til að mynda samsettar tíðir og þolmynd með hjálparsögnum. Hann beygist í kynjum, tölu og falli (Gabriella hefur *selt* bílinn sinn, bíllinn var *seldur*, bílarnir voru *seldir*).

Mynd

Þegar sagt er að sagnir beygist í myndum er yfirleitt átt við það að notuð eru mismunandi form af sögninni eftir því hvaða hlutverk gerandinn hefur. Myndir sagna eru þrenns konar: **germynd**, **miðmynd** og **þolmynd**.

Germynd er hlutlaus eða sjálfgefin mynd sagnar. Hún er kölluð svo vegna þess að áhersla er lögð á geranda. Yfirleitt stendur með henni frumlag. Dæmi: Ég (frumlag) *kallaði* (germynd) á hann.

Miðmynd er mynduð með því að *-st* er bætt við germyndarform sagnar. Hún er notuð þegar ekki er gert ráð fyrir neinum geranda. Dæmi: Merkið *færðist*. Sígga *slasaðist* (miðmynd). Stundum hefur miðmynd einnig gagnverkandi merkingu. Dæmi: Þeir *kölluðust* (miðmynd) á. Hafið í huga að sumar sagnmyndir enda á *-st* án þess að vera miðmynd. Dæmi: þú *lest* (2. p. et. nt.).

Þolmynd er samsett beyging, mynduð með hjálparsögninni *vera* (*verða*) með aðalsögn í lýsingarhætti þátíðar. Dæmi: Kýrin var *mjólkuð* (þolmynd). Í þolmynd er meiri áhersla lögð á þann sem verður fyrir því sem sögnin segir en á þann sem gerir eitthvað eða vinnur eitthvert verk.

Beyging sagna

Sagnir eru **sterkar**, **veikar** eða **blandaðar**.

Veikar sagnir mynda þátíð með beygingarviðskeyti sem annaðhvort er *-ð*, *-d* eða *-t*. Þátíð eintölu er fleiri en eitt atkvæði.

Dæmi:

smíða – smíðaði

segja – sagði

dæma – dæmdi

mæla – mælti

Sterkar sagnir hafa ekki þátíðarendingu eins og veikar sagnir heldur mynda þær þátíð með sérhljóðabreytingum (hljóðskiptum) í stofni. Um hljóðskipti sjá bls. 47. Þátíð eintölu er eitt atkvæði.

Dæmi:

líta – leit

bjóða – bauð

gefa – gaf

fara – fór

ausa – jós

Blandaðar sagnir skiptast í **núpálegar sagnir** og **ri-sagnir**. Einkenni núpálegra sagna er að þær mynda endingarlausu nútíð í fyrstu og þriðju persónu eintölu sem minnir á þátíðarmyndir sterkra sagna. Þátíð mynda þær hins vegar með viðskeyti eins og veikar sagnir (til dæmis *muna – man – mundi – munað*).

Núpálegar sagnir eru tíu talsins: *eiga*, *mega*, *unna*, *kunna*, *muna*, *munu*, *skulu*, *vita*, *vilja* og *þurfa*.

Ri-sagnir eru fjórar: *róa*, *gróa*, *núa* og *snúa*. 1. og 3. persóna et. þt. fh. hjá þeim endar á *-ri* (*Sonja reri kajak í gær*).

Kennimyndir sagna

Kennimyndir eru beygingarmyndir sagna og af þeim er hægt að átta sig á allri beygingu þeirra. Þær hafa því svipuðu hlutverki að gegna og kenniföll nafnorða.

Kennimyndir **sterkra sagna** eru *fjórar*: nafnháttur, fyrsta persóna eintölu í þátíð framsöguháttar, fyrsta persóna fleirtölu í þátíð framsöguháttar og lýsingarháttur þátíðar.

nh. (að) hlæja	1. p. et. fh. þt. (ég) hló	1. p. ft. fh. þt. (við) hlógum	lh. þt. (ég hef) hlegið
---------------------------------	---	---	--

Kennimyndir **veikra sagna** eru *þrjár*: nafnháttur, fyrsta persóna eintölu í þátíð framsöguháttar og lýsingarháttur þátíðar.

nh. (að) kalla	1. p. et. fh. þt. (ég) kallaði	lh. þt. (ég hef) kallað
---------------------------------	---	--

Kennimyndir **núpáleggra sagna** eru *fjórar*: nafnháttur, fyrsta persóna eintölu í nútíð framsöguháttar, fyrsta persóna eintölu í þátíð framsöguháttar og lýsingarháttur þátíðar.

nh. (að) þurfa	1. p. et. fh. nt. (ég) þarf	1. p. et. fh. þt. (ég) þurfti	lh. þt. (ég hef) þurft
---------------------------------	--	--	---

Kennimyndir **ri-sagna** eru *þrjár*: nafnháttur, fyrsta persóna eintölu í þátíð framsöguháttar og lýsingarháttur þátíðar.

nh. (að) róa	1. p. et. fh. þt. (ég) rerí	lh. þt. (ég hef) róið
-------------------------------	--	--

Orsakarsagnir

Af 2. kennimynd sterkra sagna má draga svokallaða orsakarsögn, oft með sérhljóðsbreytingu. Orsakarsögnin hefur veika beygingu og er merkingarlega skyld sterku sögninni sem hún er leidd af.

grunnsögn:	renna	rann	runnum	runnið
orsakarsögn:		renna	renndi	rennt

grunnsögn:	fara	fór	fórum	farið
orsakarsögn:		færa	færði	fært

grunnsögn:	þjóta	þaut	þutum	þotið
orsakarsögn:		þeyta	þeytti	þeytt



4. Óbeygjanleg orð

Þriðji yfirflokkur orða er óbeygjanleg orð. Það eru orð sem hvorki fallbeygjast (eins og fallorð) né tíðbeygjast (eins og sagnorð). Þau eru því óbeygjanleg að öðru leyti en því að sum atviksorð stigbreytast. Sum óbeygjanleg orð kveða nánar um það sem sagnorð, lýsingarorð eða atviksorð, sem þau standa með, taka fram.

Atviksorð

Setningarleg einkenni: Atviksorð hafa mismunandi stöðu í setningu eftir merkingarflokki. Til að mynda standa háttaratviksorð gjarna á eftir aðalsögn eða andlagi þeirra en spurnaratviksorð fremst í setningu.

Merkingarleg einkenni: Atviksorðum er skipt í fimm flokka eftir merkingu.

Atviksorð eru stærsti flokkur óbeygjanlegra orða og sá eini sem er að einhverju leyti opinn, það er getur bætt við sig nýjum orðum.

Sum atviksorð stigbreytast:

oft – *oftar* – *oftast*
fallega – *fallegar* – *fallegast*
sjaldan – *sjaldnar* – *sjaldnast*
lengi – *lengur* – *lengst*

Nokkur atviksorð stigbreytast óreglulega með því að skipta um stofn:
illa – *verr* – *verst*; *vel* – *betur* – *best*.

Atviksorð standa einkum með sagnorðum (*illa gert*), lýsingarorðum (*mjög góður*) og öðrum atviksorðum (*frekar illa*).

Atviksorðum má skipta í fimm flokka eftir merkingu:

áhersluatviksorð	(leggja áherslu á orðið sem þau standa með): <i>mjög, rosalega</i> o.s.frv.
háttaratviksorð	(svara spurningunni <i>hvernig</i>): <i>vel, illa, mjög, þannig, svo</i> o.s.frv.
spurnaratviksorð	(fela í sér spurningu): <i>hvaðan, hvar, hvenær, hvernig, hvert</i> o.s.frv.
staðaratviksorð	(svara spurningunni <i>hvar</i>): <i>heima, inni, úti, þar</i> o.s.frv.
tíðaratviksorð	(svara spurningunni <i>hvenær</i>): <i>seinna, þá, oft, sjaldan, aldrei</i> o.s.frv.

Sum staðaratviksorð hafa ólíkar myndir eftir merkingu.

Dæmi: *inn/inni, út/úti, upp/uppi*.

Endingin *-i* er yfirleitt sett á orðið þegar það er notað um dvöl á stað en ekki ef átt er við hreyfingu.

Dæmi: Jónatan fór *upp* á fjall. Lovísa er *uppi* á þaki. Adolf fór *inn* í bilinn. Krakkarnir eru *inni* í kofanum. Viltu fara fyrir mig *niður* í kjallara? Ferðatöskurnar eru *niðri* í kjallara.



Forsetningar (fs.)

Setningarleg einkenni: Forsetningar standa með fallorðum og stýra aukafalli á þeim.

Merkingarleg einkenni: Ef forsetning getur bæði stýrt þolfalli og þágufalli táknað hið fyrrnefnda hreyfingu en hið síðara dvöl.

Forsetning er óbeygjanlegt orð sem stendur á undan fallorði og stýrir fallinu á því þannig að það stendur í aukafalli (Magnús hljóp *kringum garðinn*. Ellý bjó í *Póllandi*.).

með þolfalli	á, eftir, fyrir, fram, gegnum, í, kringum, með, niður, um, upp, út, yfir, við o.s.frv.
með þágufalli	að, af, á, ásamt, eftir, frá, fyrir, handa, hjá, í, með, samkvæmt, undan, undir, úr, yfir, við o.s.frv.
með eignarfalli	auk, án, meðal, milli, til, vegna o.s.frv.

Sumar forsetningar geta bæði tekið með sér þolfall og þágufall, til dæmis *á, fyrir, í, með, undir, við, yfir*. Þolfalli fylgir þá oft hreyfing en þágufalli dvöl. Dæmi: Ósk fór í *bilinn* (þf.). Ósk er í *bilnum* (þgf.).

**hó,
hæ, já,
jú, nei,
svei,
uss, æ.**

Upphrópanir (uh.)

Upphrópun nefnist óbeygjanlegt orð sem kallað er upp, beint eða óbeint, og lýsir til dæmis undrun, gleði eða sorg. Dæmi: *hó, hæ, já, jú, nei, svei, uss, æ*. Upphrópanir eru yfirleitt afmarkaðar með kommu. Dæmi: *Æ, hvað gerðirðu? Hæ, gaman að sjá þig.*

Samtengingar (st.)

Setningarleg einkenni: Samtengingar tengja saman setningar eða setningarliði

Merkingarleg einkenni: Samtengingum er skipt í flokka eftir merkingu.

Samtengingar tengja saman orð, orðasambönd eða setningar. (Hrefna og Jón voru vinir. Lóa var þreytt *af því að* hún hafði unnið mikið.)

Samtengingar, sem eru eitt einstakt orð, kallast **einyrtar** en **fleiryrtar** ef þær eru fleiri en eitt orð. Einyrtar tengingar eru til dæmis *eða, ellegar, en, enda, og*. Fleiryrtar eru til dæmis *svo að, þó að, af því að, til þess að, bæði ... og, hvorki ... né*.

Samtengingum er skipt í **aðaltengingar** og **aukatengingar**. Aðaltengingar tengja saman aðalsetningar og einstaka setningarliði en aukatengingar tengja auka-setningar við móðursetningar sínar. Sjá einnig kafla um setningafræði bls. 36.

Nafnháttarmerki (nhm.)

Nafnháttarmerkið er *að* og stendur alltaf með sagnorði í nafnhætti (Þór sagði Díönu *að* fara).

að í ólíkum hlutverkum

Orðið *að* getur tilheyrt fjórum flokkum óbeygjanlegra orða eftir hlutverki í setningu.

Það er nafnháttarmerki ef á eftir fer sagnorð í nafnhætti (Skipið er *að* koma).

Ef það stýrir falli er það forsetning (Skipið kom *að* landi). Stundum er *að* samtenging (skýringartenging) (Hún sagði *að* skipið væri komið) og það getur einnig verið atviksorð (Skipið kom *að* í gær).

5. Orðflokkagreining

Upplýsingar hér að framan um orðflokkana eru gagnlegar við **orðflokkagreiningu**. Tilgangur með orðflokkagreiningu er meðal annars að sýna fram á samhengi og hlutverk orða í texta.

Fyrsta skrefið er að átta sig á því hvaða orðflokki orðið tilheyrir. Til að mynda nægir beygingareinkennið *tíð* til að greina sagnorð frá fallorðum og óbeygjanlegum orðum. Grípa þarf hins vegar til merkingarlegra og setningarlegra einkenna til að greina í sundur samhljóma orð. Þannig getur orð eins og *vaka* annaðhvort verið sagnorð eða nafnorð og *að* verið samtenging, forsetning, atviksorð eða nafnháttarmerki. Skoða þarf orðið, sem á að greina, í samhengi við önnur orð í málsgreininni.

Sum fallorð eru eins í tveimur eða fleiri föllum, til dæmis *biskup – biskup – biskupi – biskups, elli – elli – elli – elli*. Fall finnst þá með því að setja í stað orðsins annað orð sem hefur ólíkar orðmyndir í öllum föllum. Til dæmis væri hægt að skipta út nafnorðinu *kjöt* fyrir *hestur* í þessari setningu: *Sveinn borðaði kjöt > Sveinn borðaði hest*. Þá sést að orðið *kjöt* er í þolfalli í upphaflegu setningunni.

Við greiningu á óbeygjanlegum orðum nægir að tiltaka orðflokk. Við fallorð er einnig tilgreint fall, tala og kyn. Hjá sagnorðum er getið um persónu, tölu, hátt, tíð, mynd og beygingu.

Dæmi um greiningu


Setning: *Eins og ég hef sagt hér að framan kunni faðir minn vel við bændur.*

Eins og	st.	
ég	pfn.	nf. et.
hef	so.	3. p. et. fh. nt. gm. v.b.
sagt	so.	lh. þt. gm. v.b.
hér	ao.	
að	ao.	
framan	ao.	
kunni	so.	3. p. et. fh. þt. gm. bl.b.
faðir	no.	nf. et. kk. s.b.
minn	efn.	nf. et. kk.
vel	ao.	
við	fs.	
bændur	no.	þf. ft. kk. v.b.

Setning: *Nýja tölvan hennar Júlíu virðist ekki duga sem skyldi.*

Nýja	lo.	nf. et. kvk. v.b. fst. hlst.
tölvan	no.	nf. et. kvk. v.b. með greini
hennar	pfn.	ef. et. kvk.
Júlíu	no.	ef. et. kvk. v.b. án gr.
virðist	so.	3. p. et. fh. nt. mm. v.b.
ekki	ao.	
duga	so.	nh. v.b.
sem	st.	
skyldi	so.	3. p. et. vh. þt. gm. bl.b.

Beygist orðið í föllum?



6. Málfræði styður stafsetningu

Þekking á málfræði auðveldar stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Hér er bent á nokkur dæmi um slíkt.

Hljóðvörp og hljóðskipti

Það hjálpar til í stafsetningu að þekkja helstu sérhljóðavíxl í hljóðvörpum og hljóðskiptum. Sá sem áttar sig á því að *þunnur* og *þynnri* eru leidd af sömu rót kannast þar við sérhljóðavíxl *u* – *y* og áttar sig þar með á því að síðarnefnda orðið á að rita með *y* en ekki *i*. Sjá bls. 46 um hljóðbreytingar.

n og *nn* í greini

Jafnmörg *n* eru í beygingarmyndum viðskeytta og lausa greinisins. Sá síðarnefndi getur því sagt fyrir um hvort ritað er eitt eða tvö *n*. Dæmi: *Viktor óð yfir ána* (sbr. *Viktor óð yfir hina djúpu á*). *Um morguninn* (sbr. *Um hinn fagra morgun*). Sjá kafla um greini bls. 12.

Nafnorð sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn*

Ekki heyrir munur á *n* og *nn* í áherslulétu atkvæði. Tvö *n* eru í nefnifalli eintölu karlkynsnafnorða sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn* en bara eitt *n* í öðrum föllum. Dæmi: *Himinninn* (nf.) er heiður. *Á morgun* (þf.) verður sól.

nf.	himinn	morgunn	Óðinn
þf.	himin	morgun	Óðin

Lýsingarorð sem enda á *-inn, -ill*

Lýsingarorð og lýsingarhættir, sem enda á *-inn* í nefnifalli karlkyni, hafa eins og greinirinn *-inn* í þolfalli eintölu karlkyni. Lýsingarorðin *lítill* og *mikill* enda einnig á *-inn* í þolfalli. Dæmi: *Uppistandarinn er fyndinn* (nf. et.).

Ég sá skrýtinn (þf. et.) *apa í dýragarðinum*. *Rakel átti lítinn* (þf. et.) *bíl*.

nf. et. kk.	fyndinn	lítill	mikill
þf. et. kk.	fyndinn	lítinn	mikinn

Setningafræði og greinarmerkjasetning

Þekking á setningafræði hjálpar til við greinarmerkjasetningu og sérstaklega kometningu.

Kommur eru meðal annars settar á milli ótengdra setninga, það er setninga sem ekki eru tengdar með samtengingu (*Pétur fór niður í bæ, hitti Ómar og fór síðan heim*) og til að afmarka innskotssetningar, það er setningar sem kljúfa og koma inn í aðrar setningar (*Þorgerður er, ef ég man rétt, skyld ráðherra*). Sjá einnig 8. kafla um setningafræði.



Sagnorð

Af kennimyndum sagna er hægt að átta sig á öðrum myndum þeirra.

Nútið, viðtengingarháttur nútiðar og boðháttur sagnar eru dregin af 1. kennimynd (nafnhætti).

Dæmi: kalla (nh.)	kaupa (nh.)
kallar (1./3. p. et. fh. nt.)	kauptu (bh. nt.)
	kaupir (2. p. et. vh. nt.)

Viðtengingarháttur þátíðar sterkra sagna er dreginn af 3. kennimynd. Það hjálpar til í stafsetningu að átta sig á þessu. Til dæmis ef *u* er í rót 3. kennimyndar þá er *y* í viðtengingarhætti þátíðar (*bundum* – *byndi*).

Dæmi: hlæja	hló	hlógum	hlegið
		hlægi (1./3. p. et. vh. þt.)	
		hlægjum (1. p. et. vh. þt.)	

Viðtengingarháttur þátíðar veikra sagna er dreginn af 2. kennimynd.

Dæmi: segja	sagði	sagt
	segði (1. p. et. vh. þt.)	



Gæta þarf að rithætti ýmissa sagna og þá einkum í viðtengingarhætti. Hér eru nokkrar sagnir sýndar í kennimyndum og sýnd dæmi um hvernig vandritaðar myndir eru leiddar af þeim.

auka auki (vh. nt.)	jók	jukum yki, ykjum (vh. þt.)	aukið
deyja deyi (vh. nt.)	dó	dóum ðæi, dægjum (vh. þt.)	dáið
draga dragi (vh. nt.)	dró <i>þú dróst vagninn</i>	drógum drægi, drægjum (vh. þt.)	dregið
finna finni (vh. nt.)	fann	fundum fyndi, fyndum (vh. þt.)	fundíð
fljúga fljúgi (vh. nt.)	flaug	flugum flygi, flygjum (vh. þt.)	flogið
liggja <i>liggðu kyrr!</i>	lá	lágum lægi, lægjum (vh. þt.)	legið
róa	reri	rerum	róinn
slá slái (vh. nt.)	sló <i>þú slóst grasið</i>	slógum slægi, slægjuð (vh. þt.)	slegið
valda valdi (vh. nt.)	olli	ollum ylli, yllum (vh. þt.)	valdið

7. Ábendingar um beygingu

Langflest orð eru auðbeygð, önnur beygjast óreglulega og þarf að læra beygingu þeirra. Ef þú ert í vafa um beygingu orðs skaltu fletta því upp í orðabók eða á netinu.

Nafnorð

Nokkur orð sem hafa óreglulega beygingu

nf.	ær	kýr	hönd	fé	fótur	nótt
þf.	á	kú	hönd	fé	fót	nótt
þgf.	á	kú	hendi	fé	fæti	nótt
ef.	ær	kýr	handar	fjár	fótar	nætur

Frændsemisorð

Frændsemisorðin *bróðir, dóttir, faðir, móðir* og *systir* eiga það öll sameiginlegt að enda á *-ir* í nefnifalli eintölu en *-ur* í öðrum föllum í eintölu.

nf.	bróðir	dóttir	faðir	móðir	systir
þf.	bróður	dóttur	föður	móður	systur
þgf.	bróður	dóttur	föður	móður	systur
ef.	bróður	dóttur	föður	móður	systur

Nafnorð sem enda á *-ir*

Orð eins og *hellir, kikir, lækni, Sverrir*, sem enda á *-ir*, hafa eingöngu *-r* í nefnifalli eintölu og nefnifalli fleirtölu.

	et.	ft.	
nf.	lækni	lækna	Sverrir
þf.	lækni	lækna	Sverri
þgf.	lækni	læknum	Sverri
ef.	lækni	lækna	Sverris

Þágufall eintölu af sterkum karlkynsnafnorðum

Oft er fólk í vafa um hvort *-i* er í þágufalli eintölu hjá sterkum karlkynsorðum eða ekki. Oft á við að ef stofn sterkra karlkynsorða endar á tveimur samhljóðum eða tvöföldu samhljóði þá er *-i* í þágufalli (*diski, flokki, rassi, svefni*) en ef stofn endar á einu samhljóði eða sérhljóði er þágufallið endingarlaust (*dal, bor, skó, pipar*). Ýmis orð geta bæði endað á *-i* og verið endingalaus: *ás(i), bát(i), prins(i)*.

Eignarfall fleirtölu af veikum kvenkynsnafnorðum

Veik kvenkynsorð (til dæmis *gata*) hafa yfirleitt endinguna *-na* í eignarfalli fleirtölu (*gatna*). Dæmi: til margra *bremсна, finkna, krákna, kirkna, plantna, slaufna, snæbreiðna, öskubuskna*.

Í sumum tilvikum fellur *n* hins vegar brott úr þessari endingu. Þetta á til dæmis við ef stofn orðsins endar á sérhljóði, *j* (en þó ekki *gj* og *kj*), *v* eða *r*. Dæmi: til margra *ásjóna, brynja, kaloría, kveisa, lóa, spýja, vara*.

Beyging mannanafna

Bæði ætti að fallbeygja fyrra og síðara nafn fólks. Dæmi: *Ég heimsótti Guðrúnu Ýri. Ég fór til Sigríðar Daggar, Eyrúnar Lífar og Kötlu Sifjar. Ég fór til Jónasar Inga*. Mælt er með því að kvenmannsnöfn sem enda á *-ý, -ey* séu ekki látin vera óbeygd. Dæmi: *Hann var heima hjá Signýju. Ég hittí Fanneyju í gær*.

nf.	Laufey Ósk	Óskar Freyr	Jón Egill	Hólmfríður Dögg
þf.	Laufeyju Ósk	Óskar Frey	Jón Egil	Hólmfríði Dögg
þgf.	Laufeyju Ósk	Óskari Frey	Jóni Agli	Hólmfríði Dögg
ef.	Laufeyjar Óskar	Óskars Freys	Jóns Egils	Hólmfríðar Daggar

8. Setningafræði

Í setningafræði er einkum litið á hlutverk orða í setningum og tengsl þeirra hvert við annað.

Aðalsetningar og aukasetningar

Aðalflokkar setninga eru tveir: **aðalsetningar** og **aukasetningar**.

Aðalsetning

Setning, sem ekki er setningarliður í annarri setningu, nefnist aðalsetning.

Dæmi: *Guðmundur las bókina.* Í hverri málsgrein er að minnsta kosti ein aðalsetning. Þær eru því uppistaða eða stofn hverrar málsgreinar. Aðalsetning getur tengst annarri aðalsetningu með aðaltengingu. Dæmi: [Stefán sagði mér þetta] en [Guðrún sagði mér annað].

Aðaltengingar tengja saman aðalsetningar (Kristín hló og Reynir felldi tár) og einstaka setningarliði (Viltu gos eða vatn?). Dæmi um aðaltengingar: *en, heldur, enda, og, eða, ellegar, annaðhvort ... eða, hvort ... eða, bæði ... og, hvorki ... né, ýmist ... eða.*

Aukasetning

Setning, sem er setningarliður í annarri setningu, nefnist aukasetning. Aukasetningar eru oftast tengdar annarri setningu með aukatengingu. Þær geta ekki staðið einar í málsgrein heldur verður einnig að vera í henni aðalsetning.



Aukasetningum er skipt í þrjá meginflokkka: fallsetningar, tilvísunarsetningar og atvikssetningar.

- **Fallsetningar** hafa svipaða stöðu eða hlutverk og fallorð (eða nafnliðir). Þær geta verið andlag sagnar eða staðið með forsetningu. Dæmi: Ólöf segir [að rafvirkinn sé farinn]. Eggert talaði um [að myndin væri skemmtileg]. Dæmi um tengingar notaðar með fallsetningum: *að, hvort, hvenær, hver* o.s.frv.
- **Tilvísunarsetningar** standa oft með nafnorðum til nánari skýringar. Dæmi: Þetta er maðurinn [sem kom í gær]. Aukatengingar notaðar með tilvísunarsetningum: *sem, er*.
- **Atvikssetningar** hafa svipað hlutverk og atviksorð innan setningar. Dæmi: María kom [þegar Jón var farinn]. Dæmi um aukatengingar notaðar með atvikssetningum: *af því að, ef, svo að, þótt, til þess að, eins og, þegar* o.s.frv.

Setning – málsgrein – efnisgrein

Setning er orðasamband sem inniheldur aðalsögn og oftast einnig frumlag. Dæmi: *Ég sótti hestinn. Snjóar?*

Í **málsgrein** er annaðhvort ein aðalsetning eða tvær eða fleiri tengdar aðalsetningar og aukasetningar sem þeim fylgja. Málsgreinar eru yfirleitt aðgreindar með punkti í ritmáli. Ný málsgrein hefst yfirleitt á stórum staf.

[Það rigndi í gær]. (Þetta er ein málsgrein og ein setning (aðalsetning)).

[Setningar skal, [ef þær fleyga aðrar setningar], afmarka með kómmum]. (Þetta er ein málsgrein, sett saman úr tveimur setningum (aðalsetningu og aukasetningu)).

[Jónas keypti hamborgara], [Lea fékk sér vefju] og [Sigga borðaði fisk]. (Þetta er ein málsgrein sett saman úr þremur aðalsetningum).

Efnisgrein er texti milli greinaskila. Ný efnisgrein hefst á nýrri línu sem oft er annaðhvort inndregin eða auð lína höfð á milli efnisgreina.

Setningarliðir

Setningar skiptast í setningarliði.

Atviksliður er setningarliður sem er eitt atviksorð eða gegnir sama hlutverki í setningu og atviksorð. Dæmi: Hann les *vel*.

Forsetningarliður er forsetning ásamt fallorði (fallorðum) í aukafalli sem hún stýrir. Dæmi: Guðrún er *í skólanum*. Taskan er *undir stóra borðinu*.

Nafnliður. Kjarni nafnliða er nafnorð, með eða án ákvæðisliða, eða fornöfn. Fljótleg aðferð til að finna nafnlið er að setja persónufornafn í stað hans. Dæmi: *Þessi undarlegi maður* hét Tómas. > *Hann* hét Tómas.

Sagnliður. Sögn ásamt andlagi eða fyllilið er sagnliður. Hann er kjarni setningar því að orðasamband án sagnliðar telst ekki vera setning. Dæmi: Andri *borðaði alltaf nautakjöt*.

Tengiliður er samtenging. Dæmi: Anton er farinn *en* Alísa er ókomin. *Annaðhvort* Gunnlaugur eða María á að elda matinn.

Dæmi um setningagreiningu

[Ég held (aðalsetning) [að hann fari í kvöld (aukasetning)]]].

[Þegar Ísak hitti Sonju (aukasetning)][var hann með félögum sínum (aðalsetning)].

[Hér er gott að vera (aðalsetning)][þegar rignir (aukasetning)]]].

[Bifvélavirkinn gerði við bílinn (aðalsetning)] og [viðgerðin var frekar ódýr (aðalsetning)].

[Ég hugsa (aðalsetning) [að hann haldi (aukasetning)]] [að þú vitir þetta (aukasetning)]]].

[Mig langar til að fara í bíó í kvöld (aðalsetning)] en [ég fer líklega á morgun (aðalsetning)].

Frumlag er sá setningarliður (yfirleitt nafnliður) sem stendur fremst í setningu í venjulegri orðaröð í íslensku (*Aníta borðaði brauð*) en næst á eftir sögn í persónuhætti í beinum spurningum (Borðaði *Aníta* brauð?). Frumlag er oftast í nefnifalli. Sögn í persónuhætti lagar sig að frumlagi í nefnifalli í persónu og tölu. Með sumum sögnum stendur frumlag í aukafalli. Slík frumlög eru stundum nefnd aukafallsfrumlög (*Mig grunar að hún sé heima*). Í **ópersónulegri setningu** er ekkert frumlag (Í dag snjóaði) eða svokallað **gervifrumlag** (*Það snjóaði í dag*).

Andlag er setningarliður sem stendur með áhrifssögn og fer á eftir henni í sjálfgefinni orðaröð. Ef andlag er fallorð er það í aukafalli. Dæmi: Jón drakk *mjólkina*.

Sagnfylling. Setningarliður (yfirleitt nafnliður eða lýsingarorð) sem stendur með áhrifslausri, ósjálfstæðri umsögn, eins og *vera, verða, heita, þykja*, heitir sagnfylling. Dæmi: Alexander er *píanisti*. Hann hefur verið *þægur*.

Umsögn er aðalsögn eða sagnaklasi. Umsögnin segir hvað frumlagið og andlagið gera, fá, verða að þola o.s.frv., allt eftir því hver merking aðalsagnarinnar er. Dæmi: Sara *borðaði brauð*. Sara *hefur borðað brauð*.

Einkunn er fallorð (oftast lo., no. eða fn.) sem stendur með öðru fallorði og lýsir því til þess að þrengja merkingu þess. Það sambeygist með því (*ungur* maður, *þessi ungi* maður, við *sáum þennan unga* mann, hann var í *bláum* jakka).

Tíðir sagna

Gott er að gæta tíðasamræmis á milli móðursetningar og fallsetningar sem er í viðtengingarhætti.

Hann *leggur* (nt.)/*hefur* (nt.) lagt til að þeir *fari* (vh. nt.) saman í ferðalag.
Hann *lagði* (þt.)/*hafði* (þt.) lagt til að þær *færu* (vh. þt.) saman í ferðalag.
Hann veit að Sigrún *heldur* (nt.) að Haraldur *komi* (vh. nt.).

9. Orðmyndun og hljóðbreytingar

Orðhlutar

rót
stofn
forskeyti
viðskeyti
beygingarending

Dæmi

	stofn
<i>hestur</i>	<i>hest</i>
<i>bíll</i>	<i>bíl</i>
<i>afi</i>	<i>af</i>
<i>sími</i>	<i>sím</i>
<i>gata</i>	<i>gat</i>
<i>hné</i>	<i>hné</i>

Dæmi

	stofn
<i>svartur</i>	<i>svart</i>
<i>dæma</i>	<i>dæm</i>
<i>batna</i>	<i>batna</i>
<i>spá</i>	<i>spá</i>
<i>bresta</i>	<i>brestr</i>

Orðhlutar

Orð eru samsett úr ólíkum orðhlutum. **Orðhluti** er einhver hluti orðs sem hefur ákveðið hlutverk eða merkingu. Helstu hlutar orða eru rót, stofn, forskeyti, viðskeyti og beygingarending.

Stofn er sá hluti orðs sem beygingarendingar bætast við. Hann getur litið út eins og rót (*sól*), verið með forskeyti (*sam-felld-* í *samfelldur*), viðskeyti (*undar-leg-* í *undarlegur*) eða bæði forskeyti og viðskeyti (*ó-skemmti-leg-* í *óskemmtilegur*).

Stofn karlkynsnafnorða, sem hafa sterka beygingu (*hestur*), má finna í þolfalli eintölu (um *hest*). Stofn veikra karlkynsnafnorða (*hani*) finnst einnig í þolfalli eintölu og er *-a* (beygingarending) skorið aftan af (*han-*). Stofn kvenkyns- og hvorugkynsnafnorða er yfirleitt eins og nefnifall eintölu (*hurð*) en ef orðið endar á *-a* (*saga*, *hjarta*) telst það ekki með stofni (*sag-*, *hgart-*).

Stofn lýsingarorða (*góður*) sést í nefnifalli eintölu kvenkyni (*góð-*). Stundum hefur sérhljóð í beygingarmynd lýsingarorðs breyst vegna hljóðvarps (til dæmis í kvenkyni *hörð*). Sjá umfjöllun um hljóðvörp á bls. 46. Stofninn er hins vegar án hljóðvarps (*harð-*). Dæmi: *svalur* – *svöl* (kvk.) – *sval-* (stofn), *fagur* – *fögur* (kvk.) – *fagur* – (stofn), samanber *fagurrauður*. Stofn sagna er einfaldast að finna í boðhætti án persónuendinga (*far* af *fara*, *kalla* af *kalla*).

Rót er smæsti orðhluti sem ber orðasafnsmerkingu. Það er sú merking sem öll orð sem leidd eru af rötinni eiga sameiginlega. Í rötinni er því meginhluti af merkingu orðsins. Rót er án forskeytis og viðskeytis. Dæmi (rötin skáletruð): *hest-ur*, *sól*, *fær-ir*.

Hljóðskipti valda breytingum á sérhljóðinu í rótinni, sérstaklega hjá sterkum sagnorðum (*bera – bar – bárum – borið*). Sjá umfjöllun um hljóðskipti á bls. 47.

Orð sem leidd eru *af sömu rót* eru *skyld*. Orðin *kvikur, kveikja, kvikindi, kveikur* eru til dæmis öll leidd af sömu rót.

Forskeyti er orðhluti sem bætt er framan við rót til þess að mynda nýtt sjálfstætt orð. Forskeyti geta ekki staðið sem sjálfstæð orð.

Nokkur forskeyti: *al-* (*alelda*), *fjöl-* (*fjöltengi, fjölmennig*), *ó-* (*ósanngjarn*), *sí-* (*sígrænn*), *ör-* (*örsnöggur*).

Viðskeyti er orðhluti sem bætt er aftan við rót til þess að mynda nýtt sjálfstætt orð. Dæmi: trygg-ð (no.) af orðinu *tryggur* (lo.), sköll-ótt-ur (lo.) af orðinu *skalli*. Viðskeyti breytast yfirleitt ekkert í beygingu.

Nokkur viðskeyti til að búa til nafnorð: *-and(i)* (*seljandi*), *-ar(i)* (*spilari*), *-i* (*hýsi*), *-ing, -ning* (*sending, talning*), *-ni* (*keppni*), *-un* (*björgun*).

Nokkur viðskeyti til að búa til lýsingarorð: *-in(n)* (*fyndinn*), *-leg(ur)* (*undarlegur*), *-rænn* (*dulrænn*), *-ug(ur)* (*skítugur*).

Beygingarending er orðhluti sem bætt er við stofn beygjanlegs orðs til að búa til beygingarmynd þess. Til beygingarendinga teljast:

- fallendingar fallorða. Dæmi (beygingarending skáletruð): *hest-ur* (nf. et.), *hest-i* (þgf. et.), *hest-um* (þgf. ft.).
- persónuendingar sagna. Dæmi: *fór-u* (3. p. ft. þt.).
- nafnháttarendingin *-a*. Dæmi: *kom-a*.

Áhersluforliðir

Margir forliðir, sem skeytt er framan við nafnorð eða lýsingarorð, jafnvel atviksorð, auka vægi eða herða á merkingu þess.

Dæmi: *feiknakraftur, óvenju-fallegur, sárgramur, snarvitlaus; afbragðsvel*. Forliðurinn og orð, sem hann stendur með, eru rituð í einu lagi.

Orðmyndun

Afleiðsla

Orð sem leidd eru af öðrum með forskeyti eða viðskeyti kallast afleiðd orð. Þau eru mynduð með **afleiðslu**.

Dæmi: *mæla* > *andmæla*, *óhrein* > *óhreinka*.

Samsetning

Það kallast **samsetning** þegar tveir eða fleiri orðstofnar eru settir saman og mynda nýtt orð. Dæmi: *þingmaður* (*þing* + *maður*), *jarðarför* (*jörð* + *för*), *sumarbústaður* (*sumar* + *bú* + *staður*).

Samsetningar geta verið þrenns konar:

Eignarfallssamsetning. Fyrri hluti samsetts orðs stendur þá í eignarfalli eintölu eða eignarfalli fleirtölu og er með beygingarendingu.

Dæmi: *fundar-salur*, *hafna-bolti*.

r eða ekki á samskeytum orða?

Oft er fólk í vafa hvort á að rita *-a* eða *-ar* í enda fyrri liðar samsetningar enda heyrst ekki alltaf munur í framburði. Hægt er að miða við þá reglu að nota frekar eignarfall eintölu (*-ar*) ef hvorttveggja virðist geta gengið miðað við merkingu.

Dæmi: *fermingarbarn*, *nefndarmaður*, *sýningarsalur*. Ef maður er í vafa um ritun slíks orðs er best að fletta því upp í orðabók.



Stofnsamsetning. Hér fyrir framan var sagt frá því hvernig stofn orða er fundinn. Stofninn sést einnig greinilega í svokölluðum stofnsamsetningum. Fyrri hluti samsetts orðs er þá stofn orðsins og er án beygingarendingar. Dæmi: *bjart-eygur, fagur-rauður, hest-vagn, hjart-næmur, sím-kerfi, þing-maður.*

Tengihljóðssamsetning. Hlutar samsetts orðs eru þá tengdir saman með sérstöku tengihljóði (-a-, -i-, -u- eða -s-). Dæmi: *dót-a-kassi, eld-i-brandur, ök-u-maður, keppni-s-grein.*



Opnir og lokaðir orðflokkar

Langflest ný orð í málinu eru nafnorð. Aðrir svokallaðir **opnir orðflokkar**, sem taka auðveldlega við nýjum orðum, eru einkum lýsingarorð og sagnorð en einnig sumar tegundir atviksorða (einkum háttaratviksorð). Orðflokkar, sem ekki taka við nýjum orðum, eru nefndir **lokaðir orðflokkar**. Það á til dæmis við um forsetningar, fornöfn og samtengingar.

Mállýskueinkenni

Á Íslandi eru ekki ólíkar **mállýskur** eins og í sumum öðrum löndum en hins vegar eru nokkur **mállýskueinkenni**.

1


Vestfirskur einhljóðaframburður er það kallað þegar borin eru fram einhljóðin *a*, *e*, *ö* á undan *ng* og *nk* (til dæmis *svangur*, *löng*) en ekki tvíhljóð. Sérhljóð sem heldur sama hljóðgildi frá upphafi til enda nefnist einhljóð. Þessi framburður er algengastur á Vestfjörðum eins og nafnið ber með sér.

tveir

Harðmæli er það kallað að nota fráblásin lokhljóð (*p*, *t*, *k*) í innstöðu á eftir löngu sérhljóði (til dæmis *gata*, *lökin*, *api*) en ekki ófráblásin eins og algengast er. Fráblástur er snöggur blástur sem fylgir sumum lokhljóðum. Þetta mállýskueinkenni er algengast á Norðurlandi.

3

Raddaður framburður er það þegar borið er fram raddað *l*, *m*, *n*, *ð* ef á eftir fer *p*, *t*, *k* (til dæmis *mjólk*, *svampur*). Ef raddbönd sveiflast við myndun hljóðs er það raddað. Raddaði framburðurinn er algengastur á Norðurlandi en hefur ekki eins víðtæka útbreiðslu og harðmælið.





Í **ngl-framburði** er borið fram skýrt lokhljóðs-*g* í orðum eins og *hröngl* og *Kringla* ólíkt algengasta framburði þar sem það heyrir ekki í slíkum orðum. Hann er algengastur á Norðausturlandi.

4

Í **skaftfellskum einhljóðaframburði** er borið fram langt *a*, *e*, *i*, *o*, *u*, *ö* á undan *gi* (*gj*) (til dæmis *hagi*, *lögin*). Þetta mállýskueinkenni er algengast á austanverðu Suðurlandi og þá sérstaklega í Skaftafellssýslum.

fimm

rn-, rl-framburður er það mállýskueinkenni nefnt þegar ekki er skotið *d* á milli *r* og *n* eða *l* í framburði (*Ár-ni*, *har-la*) eins og algengast er (*Á(r)dni*, *ha(r)dla*). Þessi framburður er algengastur í Austur-Skaftafellssýslu.

6

Í **hv-framburði** er greint á milli orða í framburði sem byrja á *hv* og *kv* í stafsetningu. Dæmi: *hver* (goshver eða spurnarfor nafn) og *kver* (lítill bók). Þessi framburður er algengastur á Suðurlandi.

sjö

Hljóðbreytingar

Hljóðbreytingar verða í öllum lifandi málum og eru **hljóðvörp** og **klofning** dæmi um þær.

Hljóðvörp

Hljóðvarp lýsir sér í því að rótarsérhljóð í orði breytist fyrir áhrif frá (sér)hljóði aftar í orðinu (til dæmis *kerling*, skylt *karl*). Stundum er hljóðið sem olli hljóðvarpinu horfið (et. *barn*, ft. *börn*). Algengustu hljóðvörpin eru *i*-hljóðvarp og *u*-hljóðvarp. Það síðarnefnda er virkt í nútímamáli og verkar meðal annars á tökuorð og ný orð (et. *app* (í snjallsíma), ft. *öpp*).

i-hljóðvarp

jó, (j)ú	-	ý	(ljós - lýsi, mjúkur - mýkja)
(j)u, o	-	y	(kunna - kynni, hjuggu - hyggi, sonur - synir)
au	-	ey	(draumur - dreyma)
á, ó	-	æ	(lás - læsa, óp - æpa)
a	-	e	(land - lenda, nafn - nefna)
e	-	i	(verð - virði, segl - sigla)
o	-	e	(koma - kem)

u-hljóðvarp

a	-	ö	(fjall - fjöll)
---	---	---	-----------------


Hljóðvörp sjást til dæmis í viðtengingarhætti þátíðar af sterkum sögnum. Dæmi: *fyndi* (vh. þt. et.) af *fundum* (3. kennimynd af so. *finna*).

Klofning er söguleg breyting sem varð þegar upprunalegt e í rót klofnaði og varð *ja* eða *jö*. Hún sést víða í beygingu (til dæmis nf. et. *fjörður*, ef. et. *fjarðar*) eða í tvímyndum (til dæmis *fell* – *fjall*). Ef klofning kemur fyrir í beygingarmynd orðs með *i*-hljóði eða skyldu orði þá er hún yfirleitt rituð með *i* (til dæmis þgf. et. *firði* (af *fjörður*), þgf. et. *Nirði* (af *Njörður*)).

Hljóðskipti eru breytingar á sérhljóði í stofni (eða rót) orða eftir ákveðnu kerfi. Þau koma einkum fram í kennimyndum sterkra sagna og orðum leiddum af þeim.


Hljóðskiptaraðir

- | | |
|--------------------------|---|
| 1. í – ei – i | <i>líta – leit – litum – litið, leiti (hóll), andlit; heitur – hiti</i> |
| 2. j/ó/jú/ú – au – u – o | <i>þjóta – þaut – þutum – þotið, þota;
brjóta – braut – brutum – brotið,
gangbraut – brot – ísbrjótur</i> |
| 3. e/i – a – u – o/u | <i>spinna – spann – spunnum – spunnið, spuni</i> |
| 4. e/o – a – á – o/u | <i>bera – bar – bárum – borið, burður;
sofa – svaf – sváfum – sofið</i> |
| 5. e/i – a – á | <i>geta – gat – gátum – getað;
sitja – sat – sátum – setið, sæti</i> |
| 6. a – ó | <i>taka – tók</i> |
| 7. á – ó | <i>rámur – rómur</i> |



10. Orðaforðinn


Íslenska er af *indóevrópsku máláættinni* sem er útbreiddasta tungumálaætt veraldar. Henni tilheyrar meðal annars mál eins og hindí í Indlandi, rússneska, litháíska, enska og fjölmörg önnur tungumál. Innan indóevrópsku máláættar-innar telst íslenskan vera *germanskt mál* og tilheyrir ásamt færeysku, norsku, dönsku og sænsku undirætt germanskra mála sem nefnist *norðurgermönsk mál*. Færeyska er það mál sem skyldast er íslensku.



heimild: Íslensk tunga II: birni

Erfðaorð eru orð sem verið hafa í málinu frá upphafi og eru sameiginleg öðrum skyldum málum. Dæmi: *fjall* (færeyska: fjall, danska: fjeld), *hönd* (færeyska: hond, danska: hånd, enska: hand), *skóli* (færeyska: skúli, danska: skole, enska: school).

Nýyrði eru ný orð sem hafa bæst við orðaforða tungumáls. Þau eru oftast búin til úr erfðaarðum og innlendum rótum, til dæmis *þota* (myndað eftir so. *þjóta*), *vafri* (myndaður eftir so. *vafra*), *þolfimi* (myndað úr orðunum *þol* og *fimi*). Dæmi um nýleg nýyrði: *áfallahjálpi* (enska: crisis counselling), *einhverfur* (enska: autistic), *eltihrellir* (enska: stalker), *fellihýsi* (enska: folding trailer).



Sum nýyrði verða til fyrir erlend áhrif þannig að erlendir orðliðir eru þýddir með samsvarandi íslenskum og nefnast þá **tökupýðingar**. Dæmi: *fegurðarblundur* (enska: beauty sleep).

Mobile phone

Ýmsar nýyrðatillögur komu fram þegar farsímar (enska: mobile phone) voru teknir í notkun á Íslandi. Dæmi: farsími, físi, jarðsími, gaspri, geimsími, geisli, gemsí, gepill, gjammsí, gripsími, GSM-sími, handsími, heimssími, hvutti, kortafarsími, kortasími, netsími, rápsími, smásími, tífísi, vasasími, örsími.

Aðkomuorð er samheiti yfir öll orð í íslensku sem eiga uppruna sinn í öðru máli. **Tökuorð** eru þau aðkomuorð sem eru orðin föst í sessi og hafa aðlagast að meira eða minna leyti í framburði, rithætti og beygingum. Dæmi: *bill*, *rúta*, *plast*. **Slettur** (framandorð) eru hins vegar erlend orð sem ekki eru viðurkennd sem hluti orðaforðans og hafa ekki aðlagast hljóð- og beygingarkerfi. Dæmi: *damn*, *kreisi*, *sjitt*. **Slangur** er orðfæri sem notað er í sérstökum hópum eða við ákveðnar aðstæður og víkur frá hefðbundnu málsniði. Dæmi: *bögga*, *dissa*.

Skýr framburður

Mikilvægt er að mynda sérhljóð rétt og kveða skýrt að tvíhljóðum til að framburður verði skýr. Dæmi: *Grænland* en ekki Grannland, *hækka* en ekki hakka og *stóll* en ekki stoll.

11. Orð og merking

Margræðni

Mörg orð hafa fleiri en eina merkingu. Slík orð eru nefnd margræð. Í orðabókum er ólík merking oft sýnd með tölum. Hér má sjá dæmi um slíkt úr *Íslenskri orðabók* (2007:940):

snúra -u, -ur KVK

1 (snúinn) þráður, (snúið) band ▷ *rokksnúra / snúra á grindarsög*
þ.e. til að teygja á sagarblaðinu **2** borði, hárband **3** stag, strengur til að hengja á þvott til þerris ▷ *snúrustaur* **4** rafmagnsfræði laustengd leiðsla frá rafkerfi að tæki (lampa e.þ.h.).

Andheiti/samheiti

Ef orð hafa gagnstæða merkingu eru þau kölluð *andheiti*. Dæmi: *heitt/kalt, stórt/lítið, dagur/nótt, svart/hvítt*.

Ef tvö eða fleiri orð hafa sömu eða svipaða merkingu kallast þau *samheiti*. Gott er að hafa fjölbreyttan orðaforða á valdi sínu til að geta notað mismunandi stíltegundir og orðfæri við hæfi.

Dæmi um samheiti eru *stúlka/telpa, piltur/drengur, skip/far/fley, hestur/jór/fákur, sól/sunna, tungl/máni, sjór/mar/sær*.



Hlutlægur/huglægur

Huglæg orð eru notuð til að láta í ljósi persónulega afstöðu eða skoðun.

Hlutlæg orð láta ekki í ljósi afstöðu, eru hlutlaus gagnvart því sem um er rætt.

Dæmi: Orðið *bíll* er hlutlægt og táknað ákveðinn hlut án þess að tekin sé afstaða til þess hvort bíllinn er góður, fallegur, ljótur eða lélegur. *Eðalvagn* er hins vegar huglægt orð þar sem tekin er afstaða til þess að bíllinn sé góður eða fallegur. *Bíltík* er sömuleiðis huglægt orð þar sem lagt er neikvætt mat á bilinn.

Hlutstæður/óhlutstæður

Hlutstæð orð eru notuð yfir hluti og fyrirbæri sem eru áþreifanleg eða sýnileg.

Dæmi: *bíll, hjól, hús, hestur, tré*.

Óhlutstæð orð eru notuð til að tákna eitthvað óáþreifanlegt, til dæmis hugmyndir eða tilfinningar. Dæmi: *tilhlökkun, gleði, ánægja*.

Víðtækur/sértækur

Orð sem hafa víða merkingu, ná til dæmis yfir marga undirflokka einhverrar tegundar, hlutar eða fyrirbæris, eru kölluð *viðtæk*. *Sértæk* orð hafa hins vegar þrönga merkingu. Dæmi um sértækt orð er *Lýsuhólsskóli* en *menntastofnun* er víðtækt orð sem nær yfir alla skóla, hér á landi sem erlendis. Orðið *ullarkápa* er sértækt en *yfirhöfn* mun víðtækara.

12. Málnotkun og ritun

Rétt mál – gott mál

Til þess að teljast vera rétt mál þarf málnotkun að samræmast einhverri málvenju en málnotkun, sem ekki er í samræmi við neina málvenju, rangt mál (stundum líka nefnt málvilla).

Hugtakið gott mál felur í sér að orð, orðalag, orðaröð og framsetning í heild hæfir málaðstæðunum, er viðeigandi. Málnotkunin þarf einnig að vera rétt mál, það er að styðjast við málvenju. Óviðeigandi og rangt mál telst hins vegar vont mál. Gott mál er venjulega einnig skýrt mál.

Gott
mál?

Málrækt

„Undir málrækt fellur öll meðvituð og skipuleg viðleitni til að laga tungumál að nýjum aðstæðum með því að mynda ný orð af innlendum stofni eða laga erlend orð að *beygingum* og *hljóðkerfi* þess. Málrækt getur líka náð til annarra tilrauna til þess að gera málið hæfara til að þjóna hlutverki sínu í samfélaginu.“ (Höskuldur Þráinsson 1995:92)

Málsnið

Málnotkun er mismunandi eftir aðstæðum. Orðið **málsnið** á við almennt snið máls sem hæfir tilteknu efni, aðstæðum og tilefni. Það er til að mynda annað málsnið í formlegu bréfi en í óformlegu spjalli og mikilvægt að átta sig á því hvað hæfir í hverju tilviki. Dæmi um málnotkun, sem ekki er við hæfi, er notkun broskarla í formlegu tölvuskeyti eða óhefðbundin greinarmerkjasetning í atvinnuumsókn. Ekki fer vel á því að blanda talmálslegum einkennum saman við formlegan ritmálstexta.



Gott að hafa í huga í ritun

Ekki hafa setningar lengri en nauðsynlegt er

Oft má skipta langri málgrein upp í tvær eða fleiri stuttar. Ekki hræðast punkta.

Dæmi: *Í Afríku er fjölbreytilegt dýralíf og einnig búa þar margar þjóðir sem tala ýmis tungumál.* > *Í Afríku er fjölbreytilegt dýralíf. Þar búa einnig margar þjóðir sem tala ýmis tungumál. Jónas ræddi við Stefán og fór í bæinn og síðan fór hann í bíó og síðan út að borða og eftir það heim.* > *Jónas ræddi við Stefán og fór í bæinn. Síðan fór hann í bíó, út að borða og eftir það heim.*

Nafnorðastill

Í nafnorðastil eru innihaldsrikustu orðin í setningu nafnorð en frekar valin sagnorð sem hafa almenna merkingu. Ef valin eru sagnorð sem hafa nákvæma eða sértæka merkingu þá verða setningar líflegri og kraftmeiri. Dæmi: *Ísabella tók ákvörðun um að kaupa bílinn.* > *Ísabella ákvað að kaupa bílinn. Aukning sölunnar varð mikil.* > *Salan jókst mikið.*

Innskotssetningar

Stundum má færa innskotssetningu til þess að samhengi verði skýrara. Dæmi: *Félagið ákvað, þegar fengist til þess styrkur, að byggja nýjan völl.* > *Félagið ákvað að byggja nýjan völl þegar fengist til þess styrkur.*

Germynd í stað þolmyndar

Yfirleitt er kraftmeira og skýrara að nota germynd en þolmynd. Dæmi: *Í lok fundarins var ákveðið (þolmynd) af borgarstjóra að styrkja verkefnið.* > *Í lok fundarins ákvað (germynd) borgarstjóri að styrkja verkefnið.*

Fornafn

Í stað þess að endurtaka sama nafnorðið með skömmu millibili er oft betra að nota fornafn. Dæmi: *Pabbi gaf mér hjól í afmælisgjöf. Hjólið er blátt á litinn.* > *Pabbi gaf mér hjól í afmælisgjöf. Það er blátt á litinn.*

Orðaröð

Best er að hafa hlutlausa eða sjálfgefna orðaröð nema sérstök ástæða sé til annars. Dæmi: *Talið er að aðgerðir þessar breyti miklu.* > *Talið er að þessar aðgerðir breyti miklu.*

Lesi yfir

Mikilvægt er að senda ekki neitt frá sér, til dæmis ritgerð, tölvuskeyti, bréf eða annað, án þess að lesa það að minnsta kosti einu sinni yfir. Prentvillur og óvandað málfar geta gefið slæma mynd af höfundi texta. Lesandi myndar sér, meðvitað eða ómeðvitað, skoðun á höfundi meðal annars út frá slíku.

Ábendingar um málnotkun

Beyging töluorða

Síðasti hluti töluorðs ræður beygingu. Dæmi: *Tvö þúsund þrjú hundruð og einn (2301) flutti til Noregs. Fimmtíu og fjórir útskrifuðust um vorið.*

bæði/hvor tveggja


Báðir er notað um það sem má telja með töluorðinu *tveir, tvær, tvö* en ekki um það sem talið er með *tvennir, tvennar, tvenn*. *Jóhanna tók við báðum verðlaunastyttunum. Tvenn verðlaun voru veitt. Þórir fékk hvor tveggja* (ekki „bæði“) *verðlaunin.*

dýr – hurð

Hurð er notuð til að opna eða loka dýrum. Ekki þykir gott mál að tala um að opna eða loka hurð. Dæmi: *Ég gekk í gegnum dýrnar. Hann skellti hurðinni.*

hlakka og kvíða

Sagnirnar *hlakka* og *kvíða* taka hefðbundið með sér frumlag í nefnifalli og er mælt með því í vönduðu ritmáli. Dæmi: *Ég hlakka til, þú hlakkar til, við hlökkum til. Ég kvíði fyrir sýningunni. Við kvíðum öll sýningunni.*



hver annar, hvor annar

Orðin *hver/hvor* og *annar* beygjast ekki saman: *hver* og *hvor* standa í sama falli og frumlagið (venjulega í nefnifalli) en *annar* stýrist yfirleitt af sögn eða forsetningu. Dæmi: Sindri og Íris þökkuðu *hvort öðru* fyrir samstarfið (ekki: Sindri og Íris þökkuðu *hvoru öðru* fyrir samstarfið). Þeir girntust eigur *hvor annars* (ekki: Þeir girntust eigur *hvors annars*). Báðir liðir í fornöfnunum *annar hver* og *annar hvor* beygjast hins vegar saman. Dæmi: *Þau fara þangað aðra hverja helgi. Ég hitti aðra hvora þeirra í sumar.*

hver – hvor

Hver er haft um einn af þremur eða fleiri en hvor um annan af tveimur.

Dæmi: *Hvor ykkar tveggja keypti bíómiðann? Þriburarnir fengu 2.000 krónur hver.*

maður, þú

Nafnorðið *maður* og persónufornafnið *þú* geta einnig verið óákveðin fornöfn. Dæmi: *Þú bakar fyrst kökuna í hálf tíma. Maður verður oft leiður á að vakna á morgnana.*

Í ritmáli er oft ekki við hæfi að nota *maður* í þessari merkingu og sérstaklega ekki orðið *þú*. Til að komast hjá því er hægt að umorða setninguna með fornafninu *það* eða nota þolmynd. Dæmi: *Kakan er fyrst bökuð í hálf tíma.*

hundrað

Fleirtalan af *hundrað* er *hundruð* (ekki „hundruðir“).

milljón

Orðið *milljón* beygist (ft. *milljónir*).

Dæmi: *Ég á eina komma sjö milljónir í banka. Tveggja milljóna króna tap.*

sinn eða hann/hún/það

Afturbeygðu fornöfnin *sig* og *sinn* eru til dæmis notuð þegar vísað er til frumlags setningarinnar. Dæmi: *Siggi* (frumlag)

meiddi sig (vísar til *Sigga*) í fótbolta. *Ívar fór með bílinn sinn í Sorpu.* Annars er notað persónufornafnið *hann/hún/það*. Dæmi: *Siggi meiddi hann í fótbolta.* [það er hann meiddi einhvern annan]. *Ívar fór með bílinn hans í Sorpu* [það er bil einhvers annars en Ívars.]. Þegar vísað er á milli aðal- og aukasetningar er yfirleitt notað persónufornafn. Dæmi: *Daníel hlustaði ekki þegar ég talaði við hann.* Í skýringar- og spurnarsetningum er hins vegar oft frekar notað afturbeygt fornafn ef viðtengingarháttur er í setningunni. Dæmi: *Jóhann spurði hvort sín væri saknað. Jóna spurði hvort faðir sinn kæmi.* Annars er í slíkum setningum notað persónufornafn. Dæmi: *Ævar veit að honum gengur vel í skólanum.*

að vera að ...

Orðalagið *að vera að ...* (so. *vera* + nafn-háttur) er kallað **dvalarhorf (framvinduhorf)**. Dæmi: *Börnin voru að leika sér. Hann er að elda matinn.* Nú er farið að nota þetta horf með fleiri sögnum og í fjölbreyttara samhengi en áður, meðal annars þegar lýst er afmarkaðri athöfn fremur en ástandi. Dæmi: *Ég er bara ekki að skilja þetta. Fyrirtækið var að hagnast mikið í fyrra.* Í flestum slíkum dæmum fer betur að nota venjulega nútíð eða þátíð.

Dæmi: *Ég skil þetta ekki. Fyrirtækið hagnaðist mikið í fyrra.*

Viðtengingarháttur í skýringarsetningum (að-setningum)

Viðtengingarháttur er notaður í að-setningum með sögnum og orða-samböndum sem fela í sér vafa eða persónulegt álit og einnig með neitun en framsöguháttur í að-setningum sem tákna fullvissu, staðreynd eða skynjun. Dæmi. Hún vill að hann *komi* (vh.). Ég man ekki eftir að hann *hafi* sagt þetta (vh.). Ég veit að þetta *er* satt. (fh.)

Viðtengingarháttur í spurnarsetningum (hv-setningum)

Sögnin *spyrja* tekur alltaf með sér viðtengingarhátt í hefðbundinni málnotkun (*Hann spyr/spurði hvenær þú komir/kæmir*). Annars er notaður framsöguháttur í hv-setningum ef aðalsetning er í nútíð en ýmist viðtengingarháttur (óraunveruleg merking) eða framsöguháttur (raunveruleg merking) ef hún er í þátíð. Dæmi: Ég heyri þá hvernig þetta *fer* (fh.). Ég vissi hvenær hann *kom* (staðreynd) (fh.). Ég vissi hvenær hún *kæmi* (óorðið) (vh.). Ég vissi ekki hvort hún *gæti* komið (vh.).

vilja

Fyrsta persóna eintölu á að vera (*ég*) *vil* (ekki: „ég vill“), hins vegar *hann/hún/það vill*.

að eða af?

Dæmi um hvenær forsetningin *að* er notuð og hvenær *af*.

að ástæðulausu, að fyrra bragði, brosa að þessu, dást að barninu, að eigin frumkvæði, gagn er að bókinni, gera að gamni sínu, heiður er að þessu, hlæja að honum, að þessu leyti, að yfirlögðu ráði, uppskrift að laxi, gera það að verkum, vitni að árekstrinum.

af öllu afli, ekki af neinni sérstakri ástæðu, hafa gaman af handbolta, að ganga af honum dauðum, hafa gagn af námskeiðinu, gera eitthvað af sér, af minni hálfu, eiga heiðurinn af þessu, leggja sitt af mörkum, mynd af honum, af ásettu ráði, í tilefni af þessu, af fúsum og frjálsum vilja.

13. Skammstafanir

Skammstöfun er stafir sem tákna skammstafað orð eða algengt orðasamband. Við að nota skammstafanir stýttist textinn lítillega en ofnotkun þeirra getur torveldað lestur. Í almennum texta er yfirleitt óþarfi að nota skammstafanir.

Punktur er settur á eftir hverju heilu orði sem er stýtt. Ekki er haft stafbil milli tveggja skammstafaðra orða nema aftan við skammstöfun sem er tveir eða fleiri stafir (til dæmis *ma. kr.*) og milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining (*o.s.frv. o.s.frv.*). Einnig í *þ. á m.* (þar á meðal).

Í skammstöfunum, sem eingöngu eru ritaðar með upphafsstöfum, til dæmis *BSRB*, eru ekki notaðir punktar. Ekki er heldur notaður punktur þegar eingöngu fyrri hluti orðs er stýttur, t.d. *Rvík* fyrir *Reykjavík*.

Almennar skammstafanir

a.m.k.	að minnsta kosti	kr.	króna
ath.	athuga, athugið	m.	milljón
aths.	athugasemd	m.a.	meðal annars
bls.	blaðsíða	m.kr.	milljón króna
dr.	doktor	ma. kr.	miljarður króna
ehf.	einkahlutafélag	o.fl.	og fleira, og fleiri
e.k.	einhvers konar, eins konar	o.s.frv.	og svo framvegis
e.Kr.	eftir Krist / Krists burð	sek.	sekúnda
e.t.v.	ef til vill	skv.	samkvæmt
f.Kr.	fyrir Krist / Krists burð	sr.	séra
fr.	frú	t.a.m.	til að mynda
hf.	hlutafélag	t.d.	til dæmis
hr.	herra	u.þ.b.	um það bil
kl.	klukkan	þ.e.	það er
klst.	klukkustund	þús.	þúsund

Málfræðiskammstafanir

fallorð

gr.	greinir
fn.	fornafn
lo.	lýsingarorð
no.	nafnorð
to.	töluorð

sagnorð

so.	sagnorð
-----	---------

óbeygjanleg orð

ao.	atviksorð
fs.	forsetning
nhm.	nafnháttarmerki
st.	samtenging
uh.	upphrópun

föll

nf.	nefnifall
þf.	þolfall
þgf.	þágufall
ef.	eignarfall

hættir

fh.	framsöguháttur
vh.	viðtengingarháttur
bh.	boðháttur
nh.	nafnháttur
lh. nt.	lýsingarháttur nútíðar
lh. þt.	lýsingarháttur þátíðar

myndir

gm.	germynd
mm.	miðmynd
þm.	þolmynd

ýmislegt

kk.	karlkyn
kvk.	kvenkyn
hk.	hvorugkyn

et.	eintala
ft.	fleirtala

fst.	frumstig
mst.	miðstig
est.	efsta stig

nt.	nútið
þt.	þátíð

p.	persóna
----	---------

bl. b.	blönduð beyging
s.b.	sterk beyging
v.b.	veik beyging

hls.	hliðstæður
sst.	sérstæður

Mælieiningar

Á eftir skammstöfunum í alþjóðlega metrakerfinu er ekki punktur.

Dæmi: Ég notaði 1 l af rjóma í veislunni.

cm	sentimetri
dl	desilítri
g	gramm
ha	hektari
kg	kiló, kílógramm
l	lítri
m	metri
mm	millimetri



14. Hjálpargögn

Mikilvægt er að leita sér upplýsinga ef maður er í vafa um beygingu eða ritun eða vill fræðast um málfar. Á síðustu árum hefur fjölgað mjög handbókum, orðabókum og vefsíðum þar sem hægt er að leita sér upplýsinga um hvaðeina sem tengist íslensku.

Leiðbeiningarefni

Handbók um íslensku. 2011. Ritstj. Jóhannes B. Sigtryggsson. Reykjavík: JPV útgáfa. – Nýlegt rit með hagnýtum köflum um vandað mál, stafsetningu og ritun og yfirlitsköflum um til að mynda nýyrði, mannanöfn og örnefni.

Handbók um málfræði. 1995. Höf. Höskuldur Þráinsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun. – Fjallað er ítarlega um fjölmörg hugtök í málfræði.

Handbók um ritun og frágang. 2010. Höf. Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 10. útg. Reykjavík: Mál og menning. – Leiðbeiningar um uppsetningu, ritun, heimildaskráningu o.fl.

Heimir. Handbók um heimildaritun. 2011. Höf. Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Námsgagnastofnun.

Málfarsbanki Árnastofnunar. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. – Greinar um málfar og málnotkun.

Ritreglur. 2008. Á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. – Opinberar ritreglur Íslenskrar málnefndar. Þær eru einnig prentaðar aftast í *Stafsetningarorðabókinni*.

Orðabækur og gagnasöfn

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. – [Sýnir beygingu um 270.000 orða.](#)

Íslensk orðabók. 2007. 4. útg. byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum. Ritstjóri: Mördur Árnason. Reykjavík: Edda. – [Grundvallarorðabók um orð og merkingu þeirra.](#)


Íslensk samheitaorðabók. 2013. Ritstj. Svavar Sigmundsson. 2. útg. Reykjavík: Forlagið. – [Orðabók yfir samheiti orða.](#)

Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. 2006. Höf. Jón G. Friðjónsson. 2. útg., aukin og endurbætt. Reykjavík: Mál og menning. – [Meginrit um merkingu orðatiltækja og notkun þeirra.](#)

Réttritunarorðabók handa grunnskólum. 1989. Ritstj. Baldur Jónsson. Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd.

Stafsetningarorðabókin. 2006. Ritstjóri: Dóra Hafsteinsdóttir. Reykjavík: Íslensk málnefnd / JPV útgáfa. – [Hið opinbera rit yfir stafsetningu orða. Sker úr um rithátt.](#)

Stóra orðabókin um íslenska málnotkun. 2005. Höf. Jón Hilmar Jónsson. Reykjavík: JPV útgáfa.



15. Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 2004. *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*. Smárit Íslenskrar málnefndar 3. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Handbók um íslensku. 2011. Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). Reykjavík: JPV forlag.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. 1993. *Handbók um íslenskan framburð*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sveinn M. Árnason, Halldís Ármannsdóttir og Guðný Sigurgísladóttir. 1984. *Málgerður*. Tilraunaútgáfa aukin og endurskoðuð. Reykjavík.

Mynd á bls. 29 er byggð á hugmynd Baldurs Sigurðssonar.

16. Hugtök

- A** aðalfall – 6
aðalsetning – 36
aðalsögn – 16
aðaltenging – 27
aðkomuorð – 49
afleiðsla – 42
afturbeygð fornöfn – 15
andheiti – 50
andlag – 39
atviksliður – 38
atviksorð – 24
atvikssetning – 37
aukafall – 6
aukafallsfrumlag – 17
aukasetningar – 36
aukatenging – 27
- Á** ábendingarfornöfn – 15
áhrifssagnir – 16
áhrifslausar sagnir – 16
ákvæðisorð – 10
- B** beygingarending – 42
blandaðar sagnir – 21
boðháttur – 19
- D** dvalarhorf – 55
- E** efnisgrein – 37
efsta stig – 11
eignarfall – 6
eignarfallssamsetning – 42
eignarfornöfn – 15
einkunn – 39
eintöluorð – 8
erfðaorð – 48
- F** fallhættir – 19, 20
fallorð – 5, 6
fallsetning – 37
fleirtöluorð – 8
fornöfn – 14
forsetning – 26
forsetningarliður – 38
forskeyti – 41
framsöguháttur – 19
frumlag – 39
frumstig – 11
frumtölur – 13
- G** germynd – 20
gott mál – 52
- H** háttur – 19
hjálparsögn – 16
hliðstæður – 10
hljóðskipti – 30, 47
hljóðvörp – 30, 46
hlutlægur – 51
hlutstæður – 51
huglægur – 51
i-hljóðvarp – 46
- K** kenniföll nafnorða – 8
kennimyndir sagna – 22
klofning – 47
kyn – 7
- L** laus greinir – 12
lokaðir orðflokkar – 43
lýsingarháttur nútíðar – 20
lýsingarháttur þátíðar – 20
lýsingarorð – 10
- M** mannanöfn – 35
margræðni – 50
málfræðiskammstafanir – 58
mállýskueinkenni – 44
málrækt – 52
málsgrein – 37
málsnið – 52
miðmynd – 20

miðstig – 11
mynd – 20

- N** nafnháttarmerki – 27
nafnháttur – 20
nafnliður – 38
nafnorð – 6
nefnifall – 6
nefnifallshneigð – 18
nú tíð – 16
núþálegar sagnir – 21
nýyrði – 49
- O** opnir orðflokkar – 43
orð – 5
orðflokkgreining – 28
orðflokkar – 5
orðhluti – 40
orsakarsagnir – 23
- Ó** óákveðin fornöfn – 15
óbeygjanleg lýsingarorð – 11
óbeygjanleg orð – 5, 24
óhlutstæður – 51
ópersónulegar sagnir – 17
óregluleg stigbreyting (lo.) – 11
- P** persóna – 17
persónufornöfn – 15
persónuhættir – 19
- R** raðtölur – 13
rangt mál – 52
rétt mál – 52
ri-sagnir – 21
rót – 40
- S** sagnfylling – 39
sagnliður – 38
sagnir – 16
sagnorð – 5, 32
sambeyging – 7
samheiti – 50
samhljóð – 4
samnöfn – 7

- S** samsetning – 42
samtengingar – 27
setning – 37
setningarliðir – 38
sérhljóð – 4
sérnöfn – 7
sérstæður – 10
sértækur – 51
skammstafanir – 57
slangur – 49
slettur – 49
spurnarfornöfn – 15
stafróf – 4
sterk beyging – 9, 11, 21
sterkar sagnir – 21
stigbreyting – 11
stofn – 40
stofnsamsetning – 43
- T** tala – 8, 10, 12, 14, 16, 18
tengihljóðssamsetning – 43
tengiliður – 38
tilvísunarsetning – 37
tíð – 16
tökuorð – 49
töluorð – 13
- U** u-hljóðvarp – 46
umsögn – 38
upphrópanir – 26
- V** veik beyging – 9, 11, 21
veikar sagnir – 21
viðskeyti – 41
viðskeyttur greinir – 6, 12
viðtengingarháttur – 19
viðtækur – 51
vont mál – 52
- Þ** þágufall – 6
þágufallshneigð – 18
þátíð – 16
þolfall – 6
þolmynd – 20

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.



**Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.**

Skóli		Bók nr.		
Skóli		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

MÁLVÍSIR

Málvísir – handbók um málfræði handa grunnskólum auðveldar nemendum leit að málfræðihugtökum í íslensku. Í bókinni er jafnframt að finna gagnlegar ábendingar um beygingu orða, málnotkun, nýyrði, slettur og tökuorð svo eitthvað sé nefnt.

Höfundar bókarinnar eru Inga Rósa Þórðardóttir íslenskukennari og Jóhannes B. Sigtryggsson íslenskufræðingur.



m MENNTAMÁLASTOFNUN 40121

